

# Innra mat Stekkjaskóla

## Skólaárið 2021-2022



Matsteymi Stekkjaskóla  
Vorið 2023

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
1. Matsteymi.....	4
2. Aðferðir og framkvæmd.....	5
2.1 Matstæki .....	5
Skólapúlsinn .....	5
Maskínukönnun.....	6
Lesfimi .....	7
Orðarún.....	7
Stafa- og hljóðakannanir .....	7
Starfsmannasamtöl .....	7
Umbótaáætlun .....	8
2.2 Viðmið um árangur .....	8
3. Niðurstöður.....	10
3.1 Nám og kennsla.....	10
Lesferill - lestrarþjálfun.....	10
Skólapúlsinn - foreldrakönnun:.....	10
3.2 Mannauður .....	11
Maskínukönnun.....	11
3.3 Stjórnun .....	13
Skólapúlsinn .....	13
Maskínukönnun.....	13
3.4 Skólabragur .....	14
Skólapúlsinn .....	14
Maskínukönnun.....	15
6. Umbótaáætlun - Verkáætlun fyrir skólaárið 2022-2023 .....	17
Lokaorð .....	18
Fylgiskjöl.....	20
Fylgiskjal 1. Skólapúlsinn. Foreldrakönnun 2022. ....	20
1. Nám og kennsla.....	20
2. Velferð nemenda .....	20
3. Aðstaða og þjónusta .....	21
4. Foreldrasamstarf.....	21
5. Heimastuðningur .....	21
Fylgiskjal 2: Umbótaáætlun Stekkjaskóla.....	22

## Inngangur

Stekkjaskóli tók til starfa 24. ágúst 2021. Starfsemi skólans hófst í frístundarheimili Vallaskóla, Bifröst. Skólinn hafði jafnframt aðstöðu í Fjölheimum fyrir kennslu í heimilisfræði og fyrir vinnuaðstöðu starfsmanna og fundaraðstöðu. Íþróttakennsla fór fram í íþróttahúsi Vallaskóla og sundkennsla í Sundhöll Selfoss. Í lok nóvember flutti starfsemin í færanlegar kennslustofur á skólalóð skólans að Heiðarstekk 10 en þar er verið að byggja framtíðarhúsnæði skólans. Áfram fór íþrótt- og sundkennsla fram í íþróttahúsi Vallaskóla og í Sundhöll Selfoss.

Fyrsta skólaár skólans voru nemendur í 1.-4. bekk. Í byrjun skólaárs voru 102 nemendur og 26 starfsmenn. Í loks skólaársins voru nemendur 106 talsins.

Í þessari skýrslu um innra mat skólans verður gerð grein fyrir þeirri matsvinnu sem fram fór í Stekkjaskóla á þessu fyrsta skólaári, 2021-2022. Húsnæðismál og Covid-19 settu mark sitt á skólastarfið og hafði áhrif á vinnu við stefnumótun skólans og á framkvæmd og úrvinnslu innra matsins.

# 1. Matsteymi

Skólaárið 2021-2022 voru fimm fulltrúar í matsteymi Stekkjaskóla, fjórir fulltrúar starfsmanna og einn fulltrúi foreldra. Þeir voru:

Bergdís Bergsdóttir stuðningsfulltrúi  
Eyrún Óskarsdóttir umsjónarkennari  
Hilmar Björgvinsson skólastjóri  
Jónína Ósk Lárusdóttir list- og verkgreinakennari  
Kristjana Sigríður Skúladóttir fulltrúi foreldra

Teymið var með nokkra sameiginlega vinnufundi og skipti með sér verkum. Stærsta verkefnið var að undirbúa matsfund/kaffihúsafund með starfsmönnum skólans og fulltrúum foreldra.

Skýrslan var unnin ári síðar og er því rétt að telja upp fulltrúa teymisins skólaárið 2022-2023:

Bergdís Bergsdóttir stuðningsfulltrúi  
Hilmar Björgvinsson skólastjóri  
Jónína Ósk Lárusdóttir list- og verkgreinakennari  
Kristjana Sigríður Skúladóttir fulltrúi foreldra  
Lilja Írena H. Guðnadóttir fulltrúi kennara

Skólaráð Stekkjaskóla er umsagnaraðili matsvinnu skólans og er kynnt reglulega öll sú vinna sem er í gangi. Skólaráð er jafnframt hvatt til að koma með ábendingar eða athugasemdir varðandi matsvinnuna, matsáætlanir og matsskýrslur. Skólaráð er skipað skólastjóra, fulltrúum foreldra, fulltrúum kennara og annarra starfsmanna, fulltrúum nemenda og fulltrúa grenndarsamfélagsins. Þannig er öllum í skólasamfélaginu tryggð þátttaka í öllu matsferlinu.

## 2. Aðferðir og framkvæmd

Í aðalnámskrá grunnskóla árið 2011 kemur fram:

Í hverjum skóla ber að meta árangur og gæði skólstarfsins með kerfisbundnum hætti. Ýmsar leiðir eru færar við mat skóla á eigin starfi en mikilvægt er að það kerfi, sem unnið er eftir, henti skólstarfi viðkomandi skóla. Í vinnu við innra mat skal gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá. Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hefur verið náð. Aðferðir við innra mat taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni.

Þetta fyrsta skólaár skólans voru helstu matsþættir eftirfarandi:

- Nám og kennsla
- Mannauður
- Stjórnun
- Skólabragur

### 2.1 Matstæki

Sú gagnaöflun sem skólinn styðst við eru ýmis matstæki til að meta innra starfið. Hér verður gerð grein fyrir þeim.

#### Skólapúlsinn

Eitt af matstækjum Stekkjaskóla í innra mati hans eru kannanir Skólapúlsins. Skólapúlsinn er veflægt matskerfi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla þar sem nemendur, foreldrar og starfsmenn svara spurningalista á netinu um fjölbreytta þætti skólstarfsins. Þetta fyrsta skólaár var könnunin lögð fyrir foreldra.

Skólapúlsinn birtir niðurstöður á mælikvarðanum 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2. Hátt gildi á kvarða sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni í skólanum. Normaldreifðar niðurstöður eru byggðar upp með því að laga dreifingu stiga að normaldreifingu. Kostir þess eru stöðugleiki og einfaldleiki og túlkunin byggir á traustum grunni. Meðaltöl og staðalfrávik (meðaltalsfrávik frá meðaltali) verða þannig alltaf þau sömu á landsvísu. Normaldreifing gerir samanburð á milli tiltekins

skóla og landsins mögulegan og gefur samanburðinum merkingu. Niðurstaða hvers þáttar er annað hvort meðaltal mæligilda á bilinu 0 til 10 eða hlutfall svarenda sem velja tiltekna svarmöguleika. Sem viðmiðunarregla telst meðaltalsmunur upp á 0,5 stig ekki mikill munur, en munur upp á 1,0 stig telst töluverður og munur upp á 1,5 stig telst mikill munur. Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða fyrir neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 95% öryggismörk er mismunurinn í aftasta dálki fyrir aftan nafn þáttarins stjörnumerktur og með bláum stöfum. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 95% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu.

Í kafla 3 verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum skólaársins 2021-2022. Foreldrakönnun skólapúlsins voru lagðar fyrir í febrúar og má sjá yfirlit yfir niðurstöðurnar í fylgiskjölum (Fylgiskjal 1). Einnig eru allar niðurstöður Skólapúlsins á heimasíðu skólans.

## Maskínukönnun

Vinnustaðargreining er gerð af Maskínu fyrir sveitarfélagið Árborg. Markmiðið með henni er að kanna viðhorf og líðan starfsmanna hjá sveitarfélaginu í þeim tilgangi að bæta vinnustaði þess. Starfsmenn Árborgar svöruðu rafrænum spurningarlista dagana 18. október – 4. nóvember 2021. Alls svöruðu 728 starfsmenn sem gerir 74,4% svarhlutfall. Í Stekkjaskóla svöruðu 26 starfsmenn sem gerir 100% svarhlutfall.

Niðurstöður úr vinnustaðgreiningu Árborgar fyrir Stekkjaskóla má sjá í fylgiskjölum (Fylgiskjal 1). Allar niðurstöður úr könnunum innra mats eru einnig á heimasíðu skólans sem og matsskýrslur. Niðurstöður Maskínu eru birtar á kvarðanum 1 - 5. Besta útkoman gefur 5 stig á meðan versta útkoman gefur 1 stig. Þannig er fundið meðaltal<sup>1</sup> fyrir skólann samanborið við Árborg og landið allt (Maskínumeðaltal). Einnig eru gefin upp staðalfrávik<sup>2</sup> og vikmörk<sup>3</sup> svara. Auk þess sem niðurstöður Maskínu eru birtar á

- 
- <sup>1</sup> Meðaltal í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deild í með fjölda svara.
  - <sup>2</sup> Staðalfrávik í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítill munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðorfið en þegar staðalfrávikðið er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.
  - <sup>3</sup> Vikmörk eru talnabil utan um meðaltal sem inniheldur raunverulegt meðaltal í þýði (allir) með 95% vissu.

kvarðanum 1-5 eru niðurstöðurnar birtar með súluriti með þremur mismunandi litum eftir útkomu.

- Stig á bilinu 1,0 - 3,69 er rauð súla. Tækifæri til mikilla úrbóta.
- Stig á bilinu 3,7 – 4,19 er gul súla. Tækifæri til nokkurra úrbóta.
- Stig á bilinu 4,2 – 5,0 er græn súla. Styrkleikabil.

## **Lesfimi**

Lesfimipróf MMS eru stöðluð hraðlestrarpróf fyrir alla nemendur í 1. - 10. bekk og eru framkvæmd þrisvar sinnum á ári (september, janúar og maí). Niðurstöður prófanna eru skoðaðar og metið hvort grípa þurfi til frekari stuðnings við nemendur, s.s. sérkennslu. Þá er einnig greint hvaða nemendur þurfa sérstakt lestrarátak sem skólinn býður upp á í samvinnu við heimilin.

## **Orðarún**

Nemendur í 3. - 4. bekk eru prófaðir í lesskilningi að hausti og vori með Orðarún, stöðluðum prófum á vegum MMS. Niðurstöður gefa upplýsingar um framfarir nemenda á milli ára og skólinn nýtir niðurstöðurnar til þess að fylgjast með hvort framfarir nemenda séu með eðlilegum hætti og grípa inn í ef vísbendingar benda til annars.

## **Stafa- og hljóðakannanir**

Við upphaf skólagöngu nemenda í 1. bekk er stafabekking þeirra könnuð, einnig er gerð lesskimun frá MMS í október til að meta undirstöðupætti lestrar sem eru málþroski, bókstafir/hljóð og hljóðkerfisvitund. Þeir nemendur sem koma ekki nógu vel út í þessum athugunum fá viðeigandi stuðning eða sérkennslu. Í janúar eru þeir nemendur sem þurftu stuðning teknir í stafakönnun að nýju.

## **Starfsmannasamtöl**

Til viðbótar við formlegt mat nota stjórnendur starfsmannasamtöl til að meta skólastarfið. Í mars á hverju ári fara fram starfsmannasamtöl við alla starfsmenn.

Skólustjórnendur undirbúa í sameiningu samtölin og ákveða hvaða þætti eigi að leggja áherslu á. Starfsmannasamtölin eru jafnframt starfsþróunarsamtöl. Þau eru mikilvægur þáttur í að meta hvernig starfið er að ganga hjá einstaka starfsmönnum og í skólanum í heild. Nokkrir þættir eru alltaf til umræðu eins og líðan, samskipti, starfsþróun og símenntun og starfið á komandi skólaári. Einnig er starfið almennt í skólanum rætt til að meta styrkleika og veikleika skólustarfsins með það að markmiði að gera enn betur.

## **Umbótaáætlun**

Matsteymi Stekkjaskóla leggur áherslu á að umbótaáætlun sé gerð með aðkomu alls skólasamfélagsins. Sú vinna fer almennt fram að vori þegar niðurstöður hafa fengist úr könnunum skólaársins. Þá er boðaður kaffihúsafundur með öllum starfsmönnum og fulltrúum foreldra þar sem unnið er í minni hópum og settar fram hugmyndir um hvernig vinna skuli að umbótum.

### **2.2 Viðmið um árangur**

Með því að vera með fyrir fram skilgreind viðmið um árangur finnum við hvar styrkleikar og veikleikar í hinum ýmsu þáttum skólustarfsins liggja. Þó svo að það geti verið gott að miða niðurstöður við aðra skóla er það ekki algilt því ytri þættir þeirra eru mjög mismunandi. Má þar nefna uppbyggingu hverfa, menntunarstig foreldra, samsetningu nemendahópa og reynslu starfsfólks. Því er mikilvægt að skoða hverja spurningu fyrir sig.

Matsteymi Stekkjaskóla setti sér eftirfarandi viðmið varðandi matsspurningar Skólapúlsins: Markmið Stekkjaskóla eru þau að vera yfir landsmeðaltali í öllum þáttum eða í það minnsta jafn. Á þeim stöðum sem við erum í heildina marktækt yfir landsmeðaltali getum við verið ánægð með niðurstöðuna. Hins vegar þar sem niðurstöður skólans eru marktækt undir landsmeðaltali þarf skólinn að bregðast við og eru þeir þættir settir inn í umbótaáætlun. Í þeim tilvikum sem niðurstöður eru gefnar upp í prósentum er viðmiðið að vera alltaf yfir 80%, t.d. að vera mjög ánægð eða frekar ánægð með ákveðna þætti í skólustarfinu. Þetta á þó ekki við um einelti og áreitni enda



er það aldrei ásættanlegt og viðmiðið að það mælist ekki á nokkurn hátt í Skólapúlsinum eða öðrum mælitækjum skólans.

Viðmið fyrir niðurstöður Maskínukönnunar eru að vera helst yfir meðaltali í Árborg í öllum þáttum eða á pari við meðaltal. Í þeim tilvikum sem skólinn er undir 3,7, sem er rauð súla og tækifæri til mikilla umbóta, fara þeir þættir inn í umbótaáætlun skólans. Hvað varðar einelti og áreitni á vinnustað sættir Stekkjaskóli sig ekki við að nokkurt einelti eða áreitni mælist. Þegar slíkt kemur fram í könnun Maskínu fylgja stjórnendur því eftir með því að hvetja starfsfólk til að láta trúnaðarmann, stjórnanda eða mannauðsdeildina vita og tilkynna um eineltið. Í framhaldinu er unnið með málið samkvæmt eineltisáætlun sveitarfélagsins. Við líðum hvorki einelti né áreitni á vinnustaðnum.

Jafnframt eru viðmiðin um árangur og framfarir í lesskilningi og lesfimi þau að nemendur í Stekkjaskóla séu jafnir eða hærri en nemendur á landinu.

### 3. Niðurstöður

Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum á mati skólans á eftirfarandi þáttum:


- Nám og kennsla
- Mannauður
- Stjórnun
- Skólabragur

#### 3.1 Nám og kennsla

Mat á námi nemenda í Stekkjaskóla fer fram með ýmsum hætti. Til að meta frammistöðu og framfarir nemenda er stuðst við fjölbreytt námsmat sem fer fram allt skólaárið. Ýmsar skimanir eru lagðar reglulega fyrir nemendur, s.s. í lestri og stafsetningu. Hér verður gerð nánari grein fyrir þessum matstækjum og helstu niðurstöðum.

#### Lesferill - lestrarþjálfun

Lesfimiþróf MMS (Menntamálastofnunar) eru stöðluð hraðalestrarþróf fyrir alla nemendur frá 1.-10. bekk. Árangur nemenda í Stekkjaskóla í maí 2022 var í heildina aðeins undir viðmiði landsins. Þrjú árgangar voru undir landsmeðaltali og einn var í meðaltalinu.



#### Skólapúlsinn - foreldrakönnun:

##### Nám og kennsla

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	6,3	60	-	5,4	2.880	0,9*

1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	78,0%	46/59	-	86,4%	2417/2788	-8,4%*
--	-------	-------	---	-------	-----------	--------

Foreldrar eru ánægðari með nám og kennslu í skólanum en landsmeðaltal. Hins vegar telja aðeins 78% foreldrar þyngd námsefnisins í skólanum vera hæfilegt og er það marktækt lægra en landsmeðaltal.

## Heimastuðningur

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,9	52	-	5,0	2.741	0,9*
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,0	51	-	4,0	2.717	0,0
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	94,2%	49/52	-	76,1%	1844/2402	18,1%*
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	76,9%	40/52	-	57,2%	1504/2615	19,7%*
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	76,9%	30/39	-	70,8%	1481/2090	6,1%
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	15,4%	6/39	-	17,4%	356/2090	-2,0%

Í þremur atriðum er varða heimastuðningur er mat foreldra marktækt öðruvísi en mat foreldra á landsvísu, en það eru: virkni foreldra í námi barna sinna, hæfileg heimavinna að mati foreldra og tími sem foreldrar aðstoða við heimanám.

## 3.2 Mannauður

Mannauður hvers skóla er mjög dýrmæt auðlind. Í Stekkjaskóla er mikil áhersla lögð á starfsánægju, góð samskipti, vellíðan og faglegt skólustarf.

## Maskínukönnun

Vinnustaðargreining er gerð af Maskínu fyrir sveitarfélagið Árborg. Markmiðið með henni er að kanna viðhorf og líðan starfsmanna hjá sveitarfélaginu í þeim tilgangi að bæta vinnustaði þess. Starfsmenn Árborgar svöruðu rafrænum spurningarlista dagana 18. október – 4. nóvember 2021. Alls svöruðu 728 starfsmenn sem gerir 74,4% svarhlutfall. Í Stekkjaskóla svöruðu 26 starfsmenn sem gerir 100% svarhlutfall.

Niðurstöður úr vinnustaðgreiningu Árborgar fyrir Stekkjaskóla má sjá í fylgiskjöllum (Fylgisjal 1). Allar niðurstöður úr könnunum innra mats eru einnig á heimasíðu skólans sem og matsskýrslur. Niðurstöður Maskínu eru birtar á kvarðanum 1 - 5. Besta

Útkoman gefur 5 stig á meðan versta útkoman gefur 1 stig. Þannig er fundið meðaltal fyrir skólann samanborett við Árborg og landið allt (Maskínmeðaltal). Einnig eru gefin upp staðalfrávik og vikið svör.

Hér fyrir neðan má sjá meðaltal allra spurninga á 5 punkta svarkvarða. “Munur” er mismunur frá heildarmeðaltali Árbogar auk þess sem heildarmeðaltalið er merkt inn með striki hjá súlunum.

Meðaltal almennra spurninga á 5-punkta kvarða		Munur
1. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu í starfi þínu?	4,35	△ 0,20
2. Líður þér almennt vel eða illa í vinnunni?	4,31	△ 0,05
3. Myndir þú segja að vinnuálag þitt í starfi væri of mikið, hæfilegt eða of lítið?	2,35	▽ -0,05
4. Hve líklegt eða ólíklegt er að þú munir reyna að eigin frumkvæði að finna þér annað starf hjá öðr..	4,48	△ 0,77
5. Myndir þú segja að þú værir mikið eða lítið stolt(ur) af því að vinna hjá Árborg?	3,73	△ 0,08
6. Að hve miklu eða líttu leyti myndir þú segja að starfsfólki Árbogar væri almennt treyst og því veitt..	4,15	△ 0,35
7. Veistu alltaf, offast, stundum, sjaldan eða aldrei til hvers er ætlast af þér í starfi þínu?	4,42	△ 0,22
8. Myndir þú segja að í daglegum störfum þínum fengir þú fullnægjandi eða ófullnægjandi upplýsing..	4,27	△ 0,38
9. Ertu sammála eða ósammála því að verkefni þín hafi tilhneigingu til að hlaðast upp?	2,96	△ 0,07
10. Finnst þér þú hafa mikið eða lítið svigrúm til sjálfstæðra vinnubragða í starfi þínu?	4,15	△ 0,17
11. Myndir þú segja að almennt séð ríki góður eða slæmur starfsandi á þínum vinnustað?	4,69	△ 0,49
12. Ertu sammála eða ósammála því að starfsmenn Árbogar vinna að sameiginlegu markmiði?	3,80	△ 0,29
13. Hversu góð eða slæm telur þú samskipti vera milli starfsmanna á þínum vinnustað?	4,69	△ 0,62
14. Færð þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei stuðning og hjálp með verkefni hjá samstarfsfélögum ..	4,69	△ 0,35
15. Á heildina lítið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með tækifæri þín til að læra og þróast í st..	4,32	△ 0,42
16. Hefur þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei fengið hrós eða viðurkenningu fyrir vel unnin störf á sí..	4,15	△ 0,72
18. Ertu sátt(ur) eða ósátt(ur) við þann sveigjanleika sem þú hefur í starfi þínu?	4,42	△ 0,37
19. Hversu vel eða illa gengur þér að samhæfa skyldur í vinnu og einkalífi?	4,40	△ 0,39
20. Á heildina lítið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með núverandi fyrirkomulag á styttingu vi..	4,28	△ 0,21
21. Almenn séð myndir þú segja að álit þitt skipti miklu eða líttu máli í vinnunni?	4,15	△ 0,47
22. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) ert þú með hvernig almennt er tekið á móti nýju starfsfólki á þínum ..	4,65	△ 0,78
24. Á heildina lítið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með núverandi vinnuástöðu þína?	2,00	▽ -1,48
25. Myndir þú segja að þú hefðir öll, flest, sum, fá eða engin þeirra tækja og tóla sem nauðsynleg er..	3,19	▽ -0,50

**Skýring á litum meðaltals-súlna:**  
**Græn súla:** Styrkleikabil (4,20-5,00).  
**Gul súla:** Tækifæri til nokkurra úrbóta (3,70-4,19).  
**Rauð súla:** Tækifæri til mikilla úrbóta (1,00-3,69).

Starfsfólk Stekkjaskóla er ánægðara en starfsfólk Árbogar á flestum sviðum. Mestur jákvæður munur greinist við spurningarnar um hve líklegt eða ólíklegt er að starfsmenn

muni reyna að finna sér annað starf, hve oft það fái hrós eða viðurkenningu og hversu sátt það sé með hvernig er tekið á móti nýju starfsfólki.

Starfsfólk Stekkjaskóla er óánægðara en starfsfólk Árborgar í þremur svarliðum. Þeir eru hvort vinnuálagið sé hæfilegt, hvernig tækjakosturinn sé og hvernig vinnuástaðan sé en í síðastnefndum liðnum munar nánast 1,5 stigi í samanburði við Árborg. Rétt er að nefna að þegar könnunin er tekin er starfsemin enn í húsnæði Bifrastar við Vallaskóla og starfsemin búin að vera í gangi í örfáa mánuði. Til viðbótar við þessi þrjú atriði er tækifæri til mikilla úrbóta varðandi hvort verkefni hafi tilhneigingu til að hlaðast upp. Þessi fjögur atriði verða tekin til skoðunar í umbótaráætlun skólans.

### 3.3 Stjórnun

#### Skólapúlsinn


#### Nám og kennsla

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	100,0%	58	-	91,5%	2429/2668	8,5%*

Ánægja foreldra með stjórnun skólans er meiri en landsmeðaltal og fær 100% í einkunn.

#### Maskínukönnun

Hér fyrir neðan má sjá meðaltal spurninga um stjórnendur á 5 punkta svarkvarða. “Munur” er mismunur frá heildarmeðaltali Árbogar.



**Skýring á litum  
meðaltals-súlna:**

**Græn súla:**  
Styrkleikabil (4,20-5,00).

**Gul súla:** Tækifæri til nokkurra úrbóta (3,70-4,19).

**Rauð súla:**  
Tækifæri til mikilla úrbóta (1,00-3,69).

Starfsfólk Stekkjaskóla er mjög ánægt með stjórnendur skólans, bæði mælast allir liðir grænir sem þýðir að niðurstaðan er á styrkleikabili, og eru niðurstöðurnar nokkuð hærri en meðaltalið í Árborg.

### 3.4 Skólabragur

#### Skólapúlsinn

#### Nám og kennsla

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	95,8%	46/48	-	77,6%	2044/2626	18,2%*

Að mati foreldra er hæfilegur agi í skólanum og er munur við landsmeðaltal mjög mikill.


## Velferð nemenda

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	5,7	50	-	4,9	2.618	0,8*
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	94,4%	51/54	-	89,1%	2450/2712	5,3%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	98,3%	59/60	-	92,0%	2663/2878	6,3%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	100,0%	59	-	92,3%	2654/2863	7,7%*
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	93,3%	56/60	-	91,5%	2609/2849	1,8%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	8,8%	5/57	-	9,6%	268/2829	-0,8%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	60,0%	3/5	-	57,9%	236/427	2,1%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	50,0%	2/4	-	51,7%	216/428	-1,7%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	95,0%	19/20	-	79,5%	1309/1630	15,5%
2.10. Meðaltímabil eineltis	0,8	6	-	1,4	478	-0,6*
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	6	-	-	-	-

Í þeim þáttum sem snúa að velferð nemenda er skólinn í þremur tilvikum marktækt öðruvísi en landsmeðaltalið. Á það við um ánægju með samskipti starfsfólks við nemendur, líðan nemenda í kennslustundum. Að auki telja foreldrar meðaltímabil eineltis marktækt minna en foreldrar á landinu öllu.

## Maskínukönnun


Stekkjaskóli nær viðmiðum sínum meðal starfsmanna hvað varðar kynbundna og kynferðislega áreitni á vinnustað því 100% svarenda segjast ekki hafa orðið fyrir henni.



27. Hefur þú orðið fyrir kynbundinni áreitni á þínum vinnustað á síðustu 12 mánuðum?

	Fjöldi	%
Já	0	0,0%
Nei	26	100,0%
Gild svör	26	100,0%
Heildarfjöldi	26	100,0%

Ítarlegar niðurstöður eru einungis birtar fyrir hópa þar sem svarendur voru 15 eða fleiri.



Veldu spurningu:  
27. Hefur þú orðið fyrir kynbundinni áreitni á þínum vinnustað á síðustu ...  
27. Hefur þú orðið fyrir kynbundinni áreitni á þínum vinnustað á síðustu ...

Veldu mælingu:  
2021

Maskínuhlutfall 2,2%

Maskínuhlutfallið er úr gagnagrunni sem hefur að geyma svör fjölmargra einstaklinga sem starfa hjá sveitarfélögum fyrir sambærilega spurningu.

Svarendur fengu eftirfarandi skilgreiningu á kynbundinni áreitni: Kynbundin áreitni er hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að málþöðu vinnu, viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmykjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

Hins vegar er það alvarlegt að 1 starfsmaður svarar að hann/hún hafi orðið fyrir einelti á vinnustað á síðustu 12 mánuðum þegar könnunin var tekin. Á þessum tíma hafði Stekkjaskólil verið starfandi í rúma 2 mánuði.

28. Hefur þú orðið fyrir einelti á þínum vinnustað á síðustu 12 mánuðum?

	Fjöldi	%
Já	1	3,8%
Nei	25	96,2%
Gild svör	26	100,0%
Heildarfjöldi	26	100,0%

Ítarlegar niðurstöður eru einungis birtar fyrir hópa þar sem svarendur voru 15 eða fleiri.



Veldu spurningu:  
28. Hefur þú orðið fyrir einelti á þínum vinnustað á síðustu 12 mánuðum?  
28. Hefur þú orðið fyrir einelti á þínum vinnustað á síðustu 12 mánuðum?

Veldu mælingu:  
2021

Maskínuhlutfall 4,1%

Maskínuhlutfallið er úr gagnagrunni sem hefur að geyma svör fjölmargra einstaklinga sem starfa hjá sveitarfélögum fyrir sambærilega spurningu.

Svarendur fengu eftirfarandi skilgreiningu á einelti: Einelti er slendurtekin hegðun sem almanni er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móða, sára eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanagreiðingur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.



## 6. Umbótaáætlun - Verkáætlun fyrir skólaárið 2022-2023

Þegar niðurstöður úr starfsmannakönnun Skólapúlsins frá skólaárinu 2021-2022 lágu fyrir í vorið 2022 var ákveðið hvaða þætti skyldi taka fyrir í umbótaáætlun. Fjallað er um þau viðmið sem skólinn hefur sett sér í kafla 2.2. Ef niðurstöður skólans í ákveðnum þáttum eru marktækt undir landsmeðaltali eru þeir teknir fyrir í umbótaáætlun. Einnig eru þættir sem tengjast velferð nemenda, eins og einelti, alltaf settir inn í umbótaáætlunina.

Matsteymið kynnti niðurstöður kannananna fyrir starfsfólki Stekkjaskóla 6. apríl 2022. Í framhaldi var haldinn opinn kaffihúsafundur með starfsfólki og foreldrum þar sem skipt var niður í hópa og unnin drög að umbótaáætlun í 5 liðum. Á fundinum var flest starfsfólk skólans ásamt tveimur foreldrum. Fundurinn gekk vel fyrir sig.

Umbótaáætluninni er skipt upp í eftirfarandi hluta:

1. Líðan og heilsa - einelti
2. Þyngd námsefnis
3. Vinnuálag starfsfólks
4. Vinnuaðstæður starfsfólks
5. Einelti á vinnustað

Matsteymi skólans fékk hugmyndir frá starfsfólki varðandi umbætur, vann úr þeim og setti inn í umbótaáætlun skólans. Fulltrúar matsteymis lauk þeirri vinnu á vormánuðum 2023.

Í fylgiskjöllum er umbótaáætlunin og þar kemur fram hver staðan er í þeim umbótaþáttum sem teknir eru fyrir, hvert markmiðið er með umbótunum, aðgerðir sem á að framkvæma og hvenær og hver ber ábyrgð á þeim. Einnig hvernig og hvenær endurmat fer fram og viðmið um árangur.

Umbótaáætlunina má sjá í heild sinni í fylgiskjali 2.

## Lokaorð

Markmið með innra mati skóla er að draga fram styrkleika og veikleika skólastarfsins og setja fram áætlun um umbætur þar sem það á við.

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir matsvinnu Stekkjaskóla skólaárið 2021-2022. Sagt var frá niðurstöðum Skólapúlsins í foreldrakönnun vetrarins og niðurstöðum Maskínukönnunar meðal starfsmanna. Jafnframt er fjallað um lesferilsprófin sem voru lögð fyrir þetta skólaár.

Styrkleikar starfsins að mati foreldra og eru marktækt yfir landsmeðaltali eru:

- *Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum*
- *Ánægja foreldra með stjórnun skólans*
- *Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra*
- *Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur*
- *Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt*
- *Meðaltímabil eineltis*
- *Ánægja foreldrameð máltíðir í mötuneyti*
- *Notkun á mötuneyti*
- *Virkni foreldra í námi barna sinna*
- *Hæfileg heimavinna að mati foreldra*
- *Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám*

Styrkleikar starfsins að mati starfsmanna Stekkjaskóla í Maskínukönnun sem sveitarfélagið lagði fyrir eru eftirfarandi:

- *Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu í starfi þínu?*
- *Líður þér almennt vel eða illa í vinnunni?*
- *Hve líklegt eða ólíklegt er að þú munir reyna að eigin frumkvæði að finna þér annað starf hjá öðrum vinnuveitenda á næstu 12 mánuðum?*
- *Veistu alltaf, oftast, stundum, sjaldan eða aldrei til hvers er ætlast til af þér í starfi þínu?*
- *Myndir þú segja að í daglegum störfum þínum fengir þú fullnægjandi eða ófullnægjandi upplýsingar til að vinna starf þitt vel?*
- *Myndir þú segja að almennt séð ríki góður eða slæmur starfsandi á þínum vinnustað?*
- *Hversu góð eða slæm telur þú samskipti vera á milli starfsmanna á þínum vinnustað?*

- *Færð þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei stuðning og hjálp með verkefni hjá samstarfsfélögum þínum, ef á þarf að halda?*
- *Á heildina litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með tækifæri þín til að læra og þróast í starfi?*
- *Ertu sátt(ur) eða ósátt(ur) við þann sveigjanleika sem þú hefur í starfi þínu?*
- *Hversu vel eða illa gengur þér að samhæfa skyldur í vinnu og einkalífi?*
- *Á heildina litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með núverandi fyrirkomulag á styttingu vinnuvikunnar á þínum vinnustað?*
- *Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) ertu með hvernig almennt er tekið á móti nýju starfsfólki á þínum vinnustað?*

Veikleiki starfsins að mati foreldra í könnun Skólapúlsins er eftirfarandi:

- *Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra*

Veikleikar starfsins að mati starfsmanna í Maskínukönnuninni og eru marktækt undir viðmiði Stekkjaskóla eru eftirfarandi:

- *Ertu sammála eða ósammála því að verkefnin þín hafi tilheyringu til að hlaðast upp.*
- *Á heildina litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) eru með núverandi vinnuaðstöðu þína?*
- *Myndir þú segja að þú hefðir öll, flest, sum, fá eða engin þeirra tækja og tóla sem nauðsynleg eru til að sinna starfi þínu vel?*
- *Einelti*

Það er virkilega ánægjulegt að sjá að niðurstöður innra mats Stekkjaskóla þetta fyrsta starfsár skólans kom vel út. Styrkleikarnir eru margir.

Þeir þættir sem mældust undir matsviðmiðum skólans eru komnir inn í umbótaáætlun (Fylgiskjal 2). Starfsmenn munu vinna eftir henni og leggja sig fram um að bæta þá þætti sem þarf að bæta og halda áfram að byggja upp gott og öflugt skólastarf.

Fyrir hönd matsteymis  
Hilmar Björgvinsson

# Fylgiskjöl

## Fylgiskjal 1. Skólapúlsinn. Foreldrakönnun 2022.

Helstu niðurstöður. Niðurstöður í heild má finna í skýrslu Skólapúlsins inni á heimasíðu skólans: [stekkjaskoli.is/mat-a-skolastarfi](http://stekkjaskoli.is/mat-a-skolastarfi)

### 1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	6,3	60	-	5,4	2.880	0,9*
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	100,0%	58	-	91,5%	2429/2668	8,5%*
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	78,0%	46/59	-	86,4%	2417/2788	-8,4%*
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	95,8%	46/48	-	77,6%	2044/2626	18,2%*

### 2. Velferð nemenda

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	5,7	50	-	4,9	2.618	0,8*
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	94,4%	51/54	-	89,1%	2450/2712	5,3%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	98,3%	59/60	-	92,0%	2663/2878	6,3%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	100,0%	59	-	92,3%	2654/2863	7,7%*
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	93,3%	56/60	-	91,5%	2609/2849	1,8%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	8,8%	5/57	-	9,6%	268/2829	-0,8%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	60,0%	3/5	-	57,9%	236/427	2,1%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	50,0%	2/4	-	51,7%	216/428	-1,7%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	95,0%	19/20	-	79,5%	1309/1630	15,5%
2.10. Meðaltímabil eineltis	0,8	6	-	1,4	478	-0,6*
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	6	-	-	-	-

### 3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,9	54	-	5,7	2.759	0,2
3.2. Ánægja foreldra með tómsundaþjónustu	5,6	35	-	5,2	1.650	0,4
3.3. Hlutfall nemenda í tómsundaþjónustu/frístundaheimili	67,3%	37/55	-	58,1%	1744/2822	9,2%
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómsundaþjónustu	-	18	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	90,6%	48/53	-	75,8%	2032/2590	14,8%*
3.6. Notkun á mötuneyti	100,0%	58	-	92,5%	2675/2859	7,5%*

### 4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,6	50	-	4,7	2.715	-0,1
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	61,0%	25/41	-	59,7%	1440/2315	1,3%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	73,5%	25/34	-	69,3%	1389/1954	4,2%
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	34	-	-	-	-
4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	35	-	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	98,2%	54/55	-	95,4%	2619/2735	2,8%
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	57	-	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	54,3%	25/46	-	56,7%	1377/2438	-2,4%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	89,1%	41/46	-	85,4%	1854/2178	3,7%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	80,0%	44/55	-	81,1%	2170/2669	-1,1%
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	79,3%	46/58	-	72,9%	2116/2821	6,4%

### 5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,9	52	-	5,0	2.741	0,9*
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,0	51	-	4,0	2.717	0,0
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	94,2%	49/52	-	76,1%	1844/2402	18,1%*
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	76,9%	40/52	-	57,2%	1504/2615	19,7%*
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	76,9%	30/39	-	70,8%	1481/2090	6,1%
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	15,4%	6/39	-	17,4%	356/2090	-2,0%

## Fylgiskjal 2: Umbótaáætlun Stekkjaskóla

Verkáætlun fyrir skólaárin 2022-24

### Tafla 1 - Velferð nemenda, líðan, einelti - foreldrakönnun

Markmið: Að öllum nemendum líði vel í Stekkjaskóla

#### Foreldrakönnun Skólapúlsins

Umbótapættir/staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/viðbrögð	Framkvæmd/ábyrgð	Viðmið um árangur
<p><b>Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra (F2.6) 8,8%</b> (landið 9,5%)</p> <p><b>Spurning sem myndar matsþátt:</b></p> <p>2.6.1 <i>Hefur barnið þitt orðið fyrir einelti í skólanum?</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Já á þessu skólaári 8,8% - 5 nemendur (landið 9,5%)</li> <li>Já, það er a.m.k. tæpt ár síðan 1,8%- 1 nemandi (landið 7,7%)</li> </ul>	Útrýma einelti í Stekkjaskóla	<p>Fræðsla til foreldra og nemenda, t.d. fyrirlesara til að ræða um einelti, mun á stríðni og einelti.</p> <p>Búa til eða finna eineltisstefnu fyrir skólann. Einföld og skýr. Ákveðin þrep sem farið er í gegnum. Hafa þrepin sýnileg á veggjum skólans og á heimasíðu.</p> <p>Kynna hana vel fyrir nemendum, starfsfólki og foreldrum.</p> <p>Kynna nemendum skilgreininguna á einelti</p> <p>Fá frekari fræðslu um jákvæðan aga.</p> <p>Velja námsefni sem snýr að samskiptum fyrir hvern bekk.</p> <p>Gera bekkjarsáttmála og/eða bekkjarreglur</p> <p>Leikir undir umsjá starfsmanna í frímínútum. Heimagert vinaliðaverkefni, t.d. 1. og 5. bekkur í frímínútum.</p>	Umsjónarkennarar /skólastjórar Fyrirlesarar /stjórnendur og foreldrafélagið	<p>Að ekkert einelti sé í Stekkjaskóla</p> <p>Allir geri sér grein fyrir skilgreiningu á einelti</p> <p>Að nemendur séu meðvitaðir um jákvæð samskipti</p>

Tafla 1 frh. - Velferð nemenda, líðan, einelti - foreldrakönnun

Markmið: Að öllum nemendum líði vel í Stekkjaskóla  
**Foreldrakönnun Skólapúlsins**

Umbótaþættir/staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/viðbrögð	Framkvæmd/ ábyrgð	Viðmið um árangur
<p><b>Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum. (F2.8) 50% (landið 51,7%)</b></p> <p><b>Spurning sem myndar matsþátt:</b></p> <p>2.8.1. <i>Hve fljótt fannst þér brugðist við eineltinu af hálfu skólans?</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Frekar fljótt 50%- 2</li> <li>• Frekar seint 25% - 1 nemandi (landið 32.2%)</li> <li>• Mjög seint 25% - 1 nemandi (landið 18,7%)</li> </ul>	<p>Útrýma einelti í Stekkjaskóla</p> <p>Að foreldrar upplifi að skólinn bregðist hratt við.  Að skólinn bregðist hratt og vel við.</p>	<p>Aðgerðaráætlun fer í gang um leið og tilkynning berst</p>	<p>Starfsmenn/ skólastjórnendur</p>	<p>Að hraði á úrvinnslu eineltismála verði skjótur og að í næstu mælingu verði niðurstaðan 100%</p>

## Tafla 2 - Nám og kennsla – foreldrakönnun

Markmið: Að allir nemendur taki framförum í námi í Stekkjaskóla

### Foreldrakönnun Skólalámsins

Umbótaþættir/staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/viðbrögð	Framkvæmd/ ábyrgð	Viðmið um árangur
<p><b>Nám og kennsla</b></p> <p><b>1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra</b></p> <p><b>Spurning sem myndar matsþátt:</b></p> <p><i>1.3.1. Telur þú að verkefnin sem barnið fær í skólanum séu of þung hæfileg eða of létt?</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Allt of þung 1,7% - 1 nemandi (landið 0,5%)</li> <li>Of þung 1,7% - 1 nemandi (landið 3,5%)</li> <li>Hæfileg 78% - 46 nemendur (landið 86,7%)</li> <li>Of létt 16,9% - 10 nemendur (landið 8,2%)</li> <li>Allt of létt 1,7% - 1 nemandi (landið 1,1%)</li> </ul>	<p>Nemendur taki framförum í námi.</p> <p>Nemendur fái námsefni við hæfi.</p> <p>Nemendum líði vel í skólanum.</p> <p>Foreldrar upplýstir um námsframvindu.</p>	<p>Notkun áformsbókar.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Samræmt vinnulag í öllum skólanum.</li> </ul> <p>Samræma heimanám</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Ákveða hvort eigi að vera annað heimanám en lestur.</li> <li>Ákveða hvort eigi að gera foreldra ábyrgari fyrir námi nemenda.</li> <li>Ákveða hvort aukið heimanám sé að vali foreldra.</li> </ul> <p>Halda námsefniskynningu að hausti</p> <p>Hafa opið hús fyrir foreldra þar sem nemendur kynna verkefni sem þeir hafa unnið að.</p> <p>Auka upplýsingaflæði til foreldra um hvaða nám á sér stað, upplýsingapóstur, heimasíða skólans, facebook síða fyrir bekk, hæfniviðmið á Mentor.</p>	<p>Stjórnendur og umsjónarkennarar</p>	<p>Að í næstu könnun svari allir því að nemendur fái hæfileg verkefni.</p>



### Tafla 3 – Vinnuálag starfsmanna

Markmið: Að öllu starfsfólki líði vel í Stekkjaskóla

#### Starfsmannakönnun Maskínu

Umbótaþættir/staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/viðbrögð	Framkvæmd/ábyrgð	Viðmið um árangur
<p>3. Myndir þú segja að vinnuálag þitt í starfi væri of mikið, hæfilegt eða of lítið? 2,35 (Árborg 2,39, landið 2,30)</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Hæfilegt 50% - 13 svör</li> <li>Heldur of mikið 34,6% - 9 svör</li> <li>Allt of mikið 15,4% - 4 svör</li> </ul> <p>3-punkta kvarði</p>	<p>Að vinnuálag allra starfsmanna sé hæfilegt og að hver og einn geti stýrt sínu álagi.</p>	<p>Bæta vinnuaðstæður með því að flytja í stærra húsnæði.</p> <p>Það er á ábyrgð hvers og eins að vinna jafnt og þétt þannig að allt álagið lendi ekki á sama tíma.</p> <p>Álag er meira á ákveðnum tímabilum t.d. í kringum foreldraviðtöl, námsmat, jól, árshátíðir og ýmiskonar uppbrot.</p> <p>Leið til að bæta álag:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Sveigjanlegur vinnutími</li> <li>Geta unnið heima ef það hentar betur</li> <li>Geta skipt með sér verkum (teymisvinna til dæmis)</li> <li>Dreifa ábyrgð þar sem það er hægt</li> <li>Sameiginlegur tími kennara eftir kennslu þar sem það á við.</li> <li>Notast við símat fremur en lokamat til að minnka álag í lok hverrar annar</li> <li>Uppbrot og viðburðir séu ekki á sama tíma</li> </ul> <p>Nýta símenntunardaga og dreifa þeim jafnvel yfir árið, fyrir fyrirlestra og aðra starfstengda viðburði</p>	<p>Hver og einn Stjórnendur</p>	<p>Vinnuálag mælist hæfilegt í næstu könnun.</p>

### Tafla 3 frh. – Vinnuálag starfsmanna

Markmið: Að öllu starfsfólki líði vel í Stekkjaskóla

#### Starfsmannakönnun Maskínu

Umbótaþættir/staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/viðbrögð	Framkvæmd/ábyrgð	Viðmið um árangur
<p>9. Ertu sammála því að verkefni þín hafi tilhneigingu til að hlaðast upp? 2,96 (Árborg 2,89, landið 3,11)</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Mjög ósammála 11,5% - 3 svör</li> <li>Fremur ósammála 23,1% - 6 svör</li> <li>Í meðallagi 30,8% - 8 svör</li> <li>Fremur sammála 19,2% - 5 svör</li> <li>Mjög sammála 15,4% - 4 svör</li> </ul>	<p>Að kennarar sitji ekki uppi með mikið af verkefnum sem ekki er hægt að klára innan tiltekins tíma</p> <p>Aukin ánægja og afköst í starfi</p> <p>Heilbrigðara starfsfólk</p> <p>Minni forföll</p>	<p>Að ræða hlutina, miðla upplýsingum og fá aðstoð ef þörf er á. Ekki hlaða of mikilli vinnu á sama tíma.</p> <p>Draga úr álagi vegna funda.</p> <p>Nýta starfsdaga í vinnu kennara.</p> <p>Draga úr álagi vegna afleysinga/forfallakennslu þannig að sá tími nýtist kennurum í undirbúning og yfirferð. Skipuleggja forfallakennsluna þannig að hún dreifist á kennara.</p>	<p><b>Deildarstjórar</b> halda deildarfundum og taka stöðuna á hvernig verkefnastaðan er og annað álag. (T.d. tvisvar á önn).</p> <p><b>Kennarar</b> ræða saman, passa upp á sitt skipulag.</p>	<p>Mælanleg jákvæð framför í næstu könnun.</p>

## Tafla 4 – Vinnuaðstaða starfsmanna

Markmið: Að öllu starfsfólki líði vel í Stekkjaskóla  
**Starfsmannakönnun Maskínu**

Umbótaþættir/staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/viðbrögð	Framkvæmd/ ábyrgð	Viðmið um árangur
<p><i>Spurning sem myndar matsþátt:</i>                      25. Á heildina lítið, hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með núverandi vinnuaðstöðu þína? 2,0 (Árborg 3,48, landið 3,64)</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Mjög ánægður 3,8% - 1 svar</li> <li>• Fremur ánægður 3,8% - 1 svar</li> <li>• Í meðallagi 23,1% - 6 svör</li> <li>• Fremur óánægð/ur 26,9% - 7 svör</li> <li>• Mjög óánægð/ur 42,3% - 11 svör</li> </ul>	Jákvæður andi og starfsánægja	<p>Húsnæði sem býður upp á teymiskennslu</p> <p>Stækka eldhús og vinnuaðstöðu starfsmanna í eldhúsi</p> <p>Upphækkjanleg skrifborð</p> <p>Hugmyndir til að bæta starfsandann í heildina:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að starfsfólk upplifi þakklæti yfirmanna</li> <li>• Skólinn bjóði upp á uppbrot og taki tillit til sérþarfa (veitingar, annað)</li> <li>• Taka vel á móti nýjum starfsmönnum</li> <li>• Hópefli til að auðvelda nýju starfsfólki lífið</li> <li>• Vera hvetjandi og jákvæð fyrir komandi áskorunum</li> <li>• Setja <b>hreyfitíma</b> inn í vinnudag starfsmanna, stuðla að heilsusamlegu starfsumhverfi. Dæmi: jóga, gönguferðir, sund, önnur hreyfing, núvitund.</li> <li>• Skipuleggja starfsmannafundi með fjölbreytt fundaðform í huga, t.d. gönguferð eða hreyfingu af einhverju tagi áður en sest er niður.</li> <li>• Hvetja teymi til að fara út úr húsi til að funda. (kaffihús/gönguferðir o.fl.)</li> </ul>	Stjórnendur	Mælanleg jákvæð framför í næstu könnun.

## Tafla 4 frh. – Vinnuaðstaða starfsmanna

Markmið: Að öllu starfsfólki líði vel í Stekkjaskóla  
**Starfsmannakönnun Maskínu**

Umbótaþættir/staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/viðbrögð	Framkvæmd/ábyrgð	Viðmið um árangur
<p>26. Myndir þú segja að þú hefðir öll, flest, sum, fá eða engin þeirra tækja og tóla sem nauðsynleg eru til að sinna starfi þínu vel? 3, 19 (Árborg 3,70, landið 4,01)</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Öll 3,8% - 1 svar</li> <li>• Flest 46,2% - 12 svör</li> <li>• Sum 19,2% - 5 svör</li> <li>• Fá 26,9% - 7 svör</li> <li>• Engin 3,8% - 1 svar</li> </ul>	<p>Að allt verði til staðar fyrir starfsfólk</p> <p>Að starfsfólki líði vel</p> <p>Að starfsfólk geti sinnt útigæslu í viðeigandi hlífðarfatnaði og líði vel</p> <p>Aukin tæknikunnátta til að nýta í kennslu</p> <p>Jöfnuður meðal starfsmanna</p>	<p>Kaupa eftirfarandi búnað:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Útifatnaður starfsfólks í útiveru (regnföt, snjógalli)</li> <li>• Hver starfsmaður með lpad</li> <li>• Að stuðningsfulltrúar hafi aðgang að prentara/ljósritunarvél</li> <li>• Dokka fyrir tölvu á kennaraborði fyrir þá sem þurfa</li> <li>• Tölvur og lykllaborð fyrir fingrasetningu og aðra kennslu fyrir nemendur</li> <li>• Skjár í stoðþjónustu</li> <li>• Kennsluþeningar</li> <li>• Vogir, desilítramál</li> <li>• Búnaður í eldhús (mæliskeiðar, sleikja, desilítramál og fl.)</li> </ul>	Stjórnendur	Mælanleg jákvæð framför í næstu könnun.

## Tafla 5 - Einelti á vinnustað - starfsmenn

Markmið: Að öllu starfsfólki líði vel í Stekkjaskóla  
**Starfsmannakönnun Maskínu**

Umbótaþættir/staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/viðbrögð	Framkvæmd/ ábyrgð	Viðmið um árangur
<p>29. Hefur þú orðið fyrir einelti á þínum vinnustað á síðustu tólf mánuðum?</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Já 3,8% - 1 svar</li> <li>Nei 96,2% - 25 svör</li> </ul>	Að öllum líði vel í Stekkjaskóla	<p>Búa til eða finna eineltisstefnu fyrir starfsfólk skólans. Þar komi fram:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Munur á einelti, stríðni, slæmum samskiptum og samskipta örðugleika.</li> <li>Hvert eigi að leita</li> <li>Hvenær eigi að leita til utanaðkomandi aðila t.d. mannauðsstjóra eða sérhæfðu þjónustufyrirtæki</li> </ul> <p>Fræðsla fyrir starfsfólk.</p> <p>Bæta við í starfsmannaviðtalið eftirfarandi spurningu:  Hefur þú lent í einelti á núverandi vinnustað.</p> <p>Kynning á eineltisáætluninni á hverjum hausti og fyrir nýtt starfsfólk.</p> <p>Virkt starfsmannafélag sem hefur það hlutverk að þjappa hópinn saman, hafa gaman saman, efla traust og tengsl milli starfsmanna.</p>	Stjórnendur	Markmiðið að það verði ekkert einelti á okkar vinnustað.